

MATARHLÉ

Í síðasta tölublaði skoraði Tómas Búi Böðvarsson á Hrefnu Hjálmarsdóttur, leikskólakennara á Flúðum, að töfra fram góða mataruppskrift. Hún varð fúslega við því og sendi okkur uppskrift að spennandi eftirrétti.



Eftirrétur: Kókos-panna-cotta

Þennan fljótlega eftirrétthef ég lagað svolítið til þannig að hann hentar þeim sem ekki mega eða vilja nota mikinn sykurl. Nægir fyrir 3-4.

- 2 1/2 dl rjómi
- 3 dl kókosmjólk (1 dósi)
- 1 dl flórsykur eða 1/2 dl Xylitol (fæst í Heilsuhúsinu)
- Vanilludropar
- 4 blöð matarlím

Látið matarlímsblöðin liggja í köldu vatni í 5 mínútur. Hellið rjóma, kókosmjólk og sykri í pott. Látið suðuna koma upp og hrærið í á meðan. Takið pottinn af hellunni þegar fer að sjóða. Hellið vatninu af matarlímsblöðunum og setjið þau síðan út í rjóma-kókosblönduna. Hrærið í þar til matarlímið er uppleyst. Hellið í eftirrétarskálur eða lítið Tupperware hringform. Geymið í ísskáp yfir nótt. Borið fram með berjum.

Hrefna skorar á Úlfar Björnsson, skólustjóra Glerárskóla, að gefa okkur eitthvað gott í gogginn í næsta tölublaði.



Götuleikhúsið í Lathi 2005 (sjá frétt á forsiðu).

GOTT AÐ VITA

Fjarvistir vegna veikinda barna og orlof nú mæld í klukkustundum

Eftir gangsetningu á nýja SAP launakerfinu eru veikindadagar vegna barna yngri en 13 ára taldir í klukkustundum en ekki dögum eins og var í gamla launakerfinu. Þessi breyting eykur möguleika starfsfólks á að laga vinnu að fjölskylduáðstæðum en algengt er að foreldrar skiptist á að vera heima vegna veikinda barna og eru því einungis fjarverandi hluta úr degi. Réttur til að vera frá vinnu vegna veikinda barna er 10 dagar á hverju almanaksári, eða 80 stundir miðað við fullt starf.

Sami háttur verður framvegis viðhafður varðandi skráningu orlofs. Talning á orlofsréttindum og töku orlofs verður mæld í stundum í stað daga eins og verið hefur hingað til.



Landsmennt

Fræðslusjóðurinn Landsmennt

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Fullgildir félagsmenn í stéttarfélaginu Einingu-Íðju geta sótt um styrki til sjóðsins. Eining-Íðja sér um afgreiðslu styrkja í umboði Landsmenntar. Styrkir nema að hámarki 44.000 krónur á ári, en aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af námskostnaði.

Í starfsmannahandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar má finna nánari upplýsingar um Landsmennt ásamt upplýsingum um styrkhæf námskeið. <http://www.akureyri.is/stjornkerfid/svid-og-deildir/starfsmannahandbok/Fraedslusjodir/>



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær. Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson.
Ritnefnd: Ingunn Helga Bjarnadóttir, Jón Birgir Gunnlaugsson, Ragnar Hólm og Þórgnýr Dýrfjörð.
Netfang: akureyri@akureyri.is.
Hönnun og umbrot: Stíll
Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNÍKA

2. töl. 1. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Maí 2006

Nafnið loksins fundið

Það var úr vöndu að ráða þegar kom að því að ritnefnd veldi nafn á starfsmannafréttir Akureyrarbæjar úr innsendum tillögum. Margar góðar tillögur bárust; sumar grínaktugar, aðrar hárómantískar, en flestar áttu það sammerkt að vera vel við hæfi. Af tillögum má til gamans nefna þessar: Akureyringur, Akursól, Auður, Bleðillinn, Bótólfur, Bæjarfréttir, Bæjargaumur, Fljótt á lítið, Flugan, Innanbæjar, Innbæjarfréttir, Litli-Akureyringurinn, Málefnið, Molinn, Orðrómur, Rósenbogi, Rætur og Sko. Margar góðar hugmyndir af öllum stærðum og gerðum!

Sú tillaga sem ritnefnd hugnaðist einna best, var hins vegar Innanbæjarkrónika sem sjá má að hefur verið útfærð í titil þessa tölublaðs. Okkur þykir þar vera á ferðinni létt og skemmtilegt nafn sem er þar að auki þjálft og þægilegt þótt málhreinsunarmenn geti eflaust fundið því ýmislegt til foráttu. Það var samdóma álit ritnefndar að hér væri komið rétta nafnið.

Það var bara einn galli á gjöf Njarðar en hann er sá að þetta var nafnlaus tillaga og því erfitt að veita nokkrum verðlaun fyrir Krónikuna. Og þar við situr! Við hljótum að geta komið út árskortinu í Hlíðarfjall og leikhúsmiðunum næst þegar við efnum til samkeppni af einhverju tagi.

Um leið og við þökkum mjög góða þátttöku í nafnasamkeppninni, veitist okkur sú ánægja að tilkynna að ákveðið hefur verið að fjölga útgáfudögum Krónikunnar úr fjórum á ári í sex. Um önnur hver mánaðamót verður því blaðið okkar í launaumlögum allra starfsmanna Akureyrarbæjar, þeim vonandi til talsverðrar ánægju. Allar ábendingar um efni og efnistöku eru vel þegnar. Sendið okkur tölvupóst á netfangið akureyri@akureyri.is.

Ritnefndin

Margt um manninn í sumar

Eins og venjulega verður mikið um mannabót á Akureyri í sumar. Að venju verða haldin Essomót og Pollamót í knattspyrnu, Listasumar verður fjölbreytt og liflegt og endar á glæsilegri Akureyrarvöku þann 26. ágúst. Í júlí verður haldin á Akureyri norræn menningarhátíð heyrnarlausra og í tengslum við hana alþjóðleg leiklistarhátíð heyrnarlausra og mikill fjöldi gesta mun streyma í bæinn.

Í lok júní verður haldið í bænum vinabæjarmót þar sem við fáum heimsókn frá Álasund í Noregi, Randers í Danmörku, Västerås í Svíþjóð og Lahti í Finnlandi. Þátttakendur eru á aldrinum 16-20 ára og er búist við um 120 gestum sem taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem setja munu svip sinn á bæinn.

Andapollurinn í andlitslyftingu 2006

Hvað ertu að gera?



Í síðasta blaði kynntumst við Guðrúnu Höllu Jónsdóttur, forstöðumanni Hússins, en að þessu sinni verður Jóhann Thorarensen, garðyrkjumaður hjá Akureyrarbæ, fyrir svörum.

Hvað ertu að gera? Ég er garðyrkjumaður hjá Akureyrarbæ, vinn í Gróðrarstöðinni og sé um sumarblóma- og trjáplöntuframleiðsluna. Það er mjög gefandi og skemmtilegt starf.

Fjölskylduhagir: Ég er giftur og á þrjár dætur og einn kött. Þarna er karlkynið ofurliði borið.

Hvaðan ertu? Ég er Akureyringur, fæddur og uppalinn Innbæingur en núna bý ég í einu af úthverfum Akureyrar.

Áhugamál og tómstundir: Ég spila golf, veiði, fer í gönguferðir o.fl. Það er helst eitthvað sem tengist útivist en lestur góðra bóka og bíómyndir heilla líka.

Hver er helsti veikleiki þinn? Ég get ekki úttalað mig um það. Spyrjið konuna mína.

Með eða á móti álveri? Frekar er ég á móti álveri en sjá má ljósa punkta við þau. Er ekki bara fínt að hafa það á Húsavík ef þetta er algjörlega óumflýjanlegt?

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Það getur verið ýmislegt. Eins og alls kyns óheiðarleiki sem birtist í ýmsum myndum hjá okkur.

Hvað er skemmtilegast? Ferðalög njóta mikilla vinsælda svo að eitthvað sé nefnt.

Uppáhaldsmatur? Lambakjötið er mjög ofarlega.

Uppáhaldsbók? Bækurnar eru margar sem eru í upphaldi, ég nefni t.d. eina „Uppvöxtur litla trés“ sem er mjög góð.

KA eða Þór? ÍBA! Ég tel að það eigi að sameina íþróttafélögin. Eins og tvö fyrirtæki sem gengur ekki of vel að reka en gæti gengið mjög vel ef kraftarnir væru sameinaðir.

Trúirðu á eitthvað? Þann sem bjó til sólina - ég trúi á hið góða í lífinu.

Í byrjun sumars hefjast miklar breytingar á Andapollinum. Tjarnirnar verða hækkaðar og hæðarmismunur á svæðinu þannig minnkaður. Einnig verða lagðir göngustígar, sett upp lýsing og allt gert eins vistlegt og hugsast getur. Áætlað er að framkvæmdum ljúki fyrir haustið 2006.

